



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

### **Fundargerð fræðslunefndar**

Þriðjudaginn 11. september 2018, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Hafdís Ásgeirsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri, Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, fulltrúi foreldra mætti ekki á fundinn.

Fulltrúar leikskóla: María Ösp Ómarsdóttir, leikskólastjóri, Lilja Ingólfssdóttir, fulltrúi starfsmanna og Ragnar Stefán Rögnvaldsson, fulltrúi foreldra.

Aðrir: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### **1. Kosning ritara nefndarinnar**

Tillaga um að Þórunn Valdís Rúnarsdóttir yrði ritari nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

#### **2. Fjármál:**

##### a. Samantekt úr ársreikningi 2017

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum úr ársreikningi vegna fræðslumála og fór yfir helstu niðurstöður sem þar koma fram. Málið var til kynningar.

##### b. Yfirlit jan-júní 2018

Sveitarstjóri kynnti rekstrarlega stöðu málaflokksins nr 04 fræðslumál vegna rekstrar fyrstu 6 mánuði ársins. Málið var til kynningar.

#### **3. Grunnskólinn**

##### a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfíð og hvernig væri búið að stilla upp fyrir skólastarf komandi skólaárs. Þar kom m.a. fram að nemendur



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

við upphaf skólaárs eru 78 og sú breyting hefur verið gerð að skóli hefst nú kl 8.20 á morgnanna. Það hefur aftur haft þær afleiðingar að yngsta stigið þarf að vera fram yfir hádegi þrjá daga. Sú breyting er einnig í starfsáætlun skólans að sundkennsla verðu nú jafnt yfir skólaárið en ekki sem sérstakt sundnámskeið vor og haust. Þá hefur verið opnað á milli kennslustofa í yngri deild og þannig aukið á samstarf og samhæfingu náms og kennslu milli árganga. Skýrslan var til kynningar.

### b. Skóladagtal

Skólastjóri kynnti skóladagatal sem hafði verið sent með fundarboði. Í skóladagatali kemur fram að skóladagar eru áætlaðir 175 og að skólaslit í vor verði 29. maí og vetrarfrí verði 25.-26. febrúar. Skóladagatalið var samþykkt.

### c. Starfsáætlun 2018-19

Skólastjóri kynnti starfsáætlunina sem hafði verið send út fyrir fundinn. Í starfsáætluninni eru upplýsingar um skipulag starfsins í skólanum, nám og félagslíf nemenda, starfsfólk, skóladagatal og fleira sem einkennir starf skólans.

Starfsáætlunin var til kynningar.

### d. Fundargerð skólaráðs 30. maí 2018

Fundargerðin var til kynningar.

### e. Fundargerð skólaráðs 7. sept. 2018

Fundargerðin var til kynningar.

## **4. Leikskóli**

### a. Skýrsla leikskólastjóra

Leikskólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið og fór yfir tölulegar upplýsingar, starfsmannahald, samstarf heimila og skóla, ytri umbúnað og fagstarf. Í skýrslunni kom fram að börn í leikskólanum 2017-2018 hafi verið 31 þegar mest var og nú séu 25 börn en 3-4 börn séu væntanleg.

Skýrslan var til kynningar.



## FRÆDSLUNEFND SKAGASTRANDAR

### b. Skóladagatal

Leikskólustjóri kynnti skóladagatalið sem hafði verið sent út fyrir fundinn. Í skóladagatalinu kemur fram að skólastarf eftir sumarfrí hófst 7. ágúst og að síðasti kennsludagur fyrir sumarleyfi verður 5. júlí 2019. Skóladagatalið var samþykkt.

### c. Starfsáætlun leikskóla

Skólustjóri kynnti starfsáætlun leikskólans sem hafði verið send út fyrir fundinn. Í starfsáætluninni er fjallað um tölulegar upplýsingar um börn, starfsmannamál, faglegar áherslur, innra mat, samstarf við samfélag og fjölskyldur og skóladagatal.

Starfsáætlunin var til kynningar.

### d. Innra mat

Leikskólustjóri kynnti innra mat á leikskólastarfinu. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 29. janúar – 5. febrúar 2018. Svarhlutfall í foreldrakönnun var 75% í starfsmannakönnun 100%. Í könnuninni kom fram helstu atriði sem varða ánægju og þörf á úrbótum. Hluti af innra mati er úrbótaáætlun þar sem fjallað er um hvernig megi gera gott starf betra.

Innra matið var til kynningar.

### e. Skólanámsskrá

Leikskólustjóri fór yfir skólanámsskrá sem hafði verið send út fyrir fundinn. Skólanámsskráin er leiðarvísir um starfsemi skólans og fjallar um hvernig leikskólinn vinnur að þeim uppeldismarkmiðum sem hann hefur sett sér og er jafnframt upplýsingaveita til starfsmanna, foreldra, rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila skólans.

Skólanámsskráin var til kynningar.

### f. Fundargerð foreldraráðs 26. mars 2018

Fundargerðin var til kynningar

## **5. Önnur mál**

Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri óskaði eftir að komið yrði á kynningarfundum um læsisstefnu fyrir grunn- og leiksskóla.

Samþykkt að koma á fundum í nóvember.



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:30

Péturína L. Jakobsdóttir

Baldur Magnússon

Hafdís Ásgeirsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Kolbrún Á. Guðnadóttir

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Guðjón Sigurðsson

Agnes Sævarsdóttir

María Ösp Ómarsdóttir

Lilja Ingólfssdóttir

Ragnar Stefán Rögnvaldsson

Þórdís Hauksdóttir

Magnús B. Jónsson